



Félag háskólakennara

4. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2021/2022, haldinn miðvikudaginn 6. október 2021

Fundinn sátu: Baldvin Zarioh, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Pontus Erik Gunnar Jarvstad, Ármann Höskuldsson og Berglind Eva Benediktsdóttir. Íris Davíðsdóttir, Guðmundur Ingi Guðmundsson og Sævar Ingþórsson boðuðu forföll. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 1. september 2021.
2. Fundur með rektor, dags. 7. sept. 2021.
3. Fundur með Raunvísindastofnun, 16. sept. 2021.
4. Fréttir af fundi samráðsnefndar dags. 3. sept. 2021.
5. Undirbúningur kjaraviðræðna 2023 að beiðni BHM.
6. Matkerfið endurskoðun, ákveða vinnufund stjórnar/fá Þórólf.
7. Tölfræðiupplýsingar vegna greiðslna úr vinnumatssjóði.
8. Fréttir af fyrirkomulagi greiðslna vegna kennslu BEB.
9. Fréttir af BHM, ÍD.
10. Samninganámskeið ríkissáttasemjara, sbr. tp. 12. ágúst.
11. Breyting á stjórnarfundum Fh í nóvember ?
12. Formannafundur BHM 18. nóv. nk. Baldvin forfallaður og því þarf að fá varamann á fundinn.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 1. september 2021

Fundargerðin var samþykkt.

2. Fundur með rektor, 7. sept. 2021

Baldvin sagði frá fundinum. Erindi félagsins um umbun til starfsfólks stjórnarsýslu vegna álags vegna Covid 19 var hafnað. Einnig var rætt um umboðsmann doktorsnema og m.a. kom fram að skólinn hefði skoðað málið og hefði hefði hug á því að framfylgja erindinu.

Stjórn Fh ákvað að ýta eftir málinu á næsta samráðsnefndarfundum um kjaramál.

3. Fundur með Raunvísindastofnun (RS), 16. sept. 2021

Baldvin sagði frá fundinum. Fundurinn var boðaður til að ræða m.a. sérstaka umbun sérfræðinga RS taki þeir að sér skilgreinda kennsluskyldu allt að 20%, sbr. sambærilegt ákvæði og er í nágildandi stofnanasamningi HÍ. Málið var rætt frá mörgum hliðum og ákveðið var að fulltrúar RS ætluðu að skoða málið og kanna hug starfsmanna og stjórnarnenda til þessa. Í framhaldi myndi annar fundur vera boðaður milli aðila ásamt fulltrúa HÍ.

4. Samráðsnefnd Fh og HÍ, 3. sept. 2021

Félagið hafði sent inn eftirfarandi dagskrárliði:

- i) Málefni doktorsnema:
Umboðsmaður doktorsnema,
Veikindaréttur doktorsnema (vantar reglur um veikindaréttinn),
Laun doktorsnema á styrk mismunandi (doktorsnemasjóður), umræða um meðferð á overhead (borgað inná laun sumsstaðar).
- ii) Staða stundakennara. Stundakennarar í meira en 25% kennslu, sbr. fyrirspurn Fedon til rektors.
- iii) Laun í sóttkví og skráning hennar í vinnustund.
- iv) Tímabundin umbun vegna álags t.d. þegar samstarfsaðili fær covid (reglur?)..
- v) Vinnutímastýttning og reynsla af henni.

- vi) Reglur um fjarvinnu.
 - vii) Málefni aðjunktta 1. Að þeir geti verið í minna en 50% starfshlutfalli, sbr. samráðsnefndarfund frá 15.4.21
 - viii) Þrep fyrir kennslufræðinámskeið.
- Baldvin sagði frá fundinum þar sem fram kom m.a. sá möguleiki að nýta starfsþróunarsjóð HÍ vegna langvarandi veikinda doktorsnema. Félagið fékk í framhaldi af fundinum sendar verklagsreglur sjóðsins. Starfsmannastjóri HÍ sagði mun senda félaginu samræmdar reglur um launaröðun doktorsnema HÍ. Ákveðið að taka upp málefni umboðsmann doktorsnema á fundi rektors 7. sept.
 - Kalla þarf eftir tölum um fjölda stundakennara og kennslumagn þeirra til að vinna frekar að málefnum og framgangi þessa starfshóps.
 - Fjármálastjóri HÍ mun taka saman greiðslur vegna umbunar vegna álags sbr. lið iv.
 - Fyrir liggja drög að reglum um fjarvinnu starfsmanna HÍ sem ætlunin er að taka fyrir á háskólaráðsfundi í október.
 - Almannar umræður voru um dagskrárliði iii og vi
 - Dagskrárliður vii var afgreiddur.
 - Dagskrárlið viii var frestað til næsta fundar.

5. Undirbúningur kjaraviðræðna 2023 að beiðni BHM

Formaður BHM hefur boðað til fundar vegna undirbúnings kjaraviðræðna árið 2023, þann 20. október nk. Ákveðið var að formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri fari á fundinn. Ákveðið var að gera og senda út skoðanakönnun á meðal félagsmanna til að kalla eftir áherslumálum þeirra í komandi kjaraviðræðum. Frestað til næsta stjórnarfundar.

6. Matkerfið endurskoðun

Stjórnarmönnum hafði verið sendur tölvupóstur vegna málsins ásamt ósk um umsögn fyrir 16. nóvember nk. Ákveðið var að hafa vinnufund vegna málsins þann 26. október nk. og fá Þórólf Matthíasson á fundinn.

7. Tölfræðiupplýsingar vegna greiðslna úr vinnumatssjóði.

Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að senda erindi á Nýsköpunar – og vísindasvið til að óska eftir skýrslu vinnumatssjóðs sl. 5 ár, ásamt greiningu á kyn og aldur.

8. Fréttir af fyrirkomulagi greiðslna vegna kennslu BEB

Berglind sagði frá stöðu vinnunnar. Nefndin hefur fundað stíft undanfarið og m.a. átt fund með kennslumálanefnd og fulltrúum stúdenta til að heyra þeirra sjónarmið. Berglind óskaði eftir því að eiga fund með fulltrúum akademískra stjórnarmanna til að upplýsa þá frekar um stöðuna og fá fleiri sjónarmið að borðinu. Stefnt er að því að nefndin skili af sér fyrir næstu áramót.

9. Fréttir af BHM

Íris stjórnarmaður í BHM var forfölluð og því var þessum lið frestað til næsta fundar.

10. Samninganámskeið ríkissáttasemjara, sbr. tp. 12. ágúst

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri eru allir skráðir á námskeið ríkissáttasemjara í mars nk.

11. Breyting á stjórnarfundum Fh í nóvember ?

Ákveðið var að flýta næsta stjórnarfundum til 1. nóvember nk.

12. Formannafundur BHM 18. nóv. nk. Baldvin forfallaður

Ákveðið var að Jens fari á fundinn í stað Baldvins sem verður að öllum líkindum forfallaður.

Fleira ekki gert.

Fundi lauk kl. 13:30.

Næsti stjórnarfundur verður 1. nóvember 2021.

